



## Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

### Skýrsla stjórnar á aðalfundi Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, þriðjudaginn 15. febrúar 2012, kl. 18.00.

#### 60. aðalfundur MFÍK

Í félagið eru skráðar 174 konur. Frá síðasta ári bættust sex nýir félagar í hópinn og eru það þær Guðbjörg Gróa Guðmundsdóttir, Jórunn Sörensen, Kolfinna Baldvinsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir, Sólveig S. Jónasdóttir og Thuy Thi Pham. Þjóðum við þær velkomnar í hópinn. Þrjár félagskonur sögðu sig úr félaginu.

Dórothea Einarsdóttir, Erla Ísleifsdóttir og Ólöf Hraunfjörð létust á árinu og þökkum við þeim samfylgdina.

#### *Starfsemi árið 2011*

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn MFÍK haldið 6 formlega stjórnarfundir (árið 2011 voru haldnir fundir þann 25. febrúar 22. mars, 12. september og 9. nóvember og svo 9. Janúar og 8. febrúar á þessu ári). Þetta eru ívíð færri fundir en oft áður en ýmis mál og verkefni eru nú leyst í auknum mæli í gegnum tölvupóst. Eins og áður voru bæði aðal- og varamenn boðaðir á alla fundi.

Árið 2011 var stórt ár í sögu félagsins en þá fagnaði það 60 ára afmæli sínu og í anda félagsins var ákveðið að láta félagsmenn njóta þessara tímamóta með tveimur menningarviðburðum. Þrír opnir félagsfundir voru haldnir í Friðarhúsi á árinu og svo var hin árlega bókmenntakynning félagsins í desember.

Að venju hefur MFÍK veg og vanda að undirbúningi fundar á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars, sem verður haldinn í Iðnó og hafa nú verið haldnir 3 undirbúningsfundir.

Fundarstaðir MFÍK voru í að mestu í kamesi Borgarbókasafns og í Friðarhúsi, Njálsgötu 87.

## Helstu viðburðir

### Mars

Árlegur fundur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann 8. mars var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur undir yfirskriftinni *8. mars í 100 ár*. Að venju átti MFÍK frumkvæði að fundinum og sá um skipulagningu hans. Í upphafi fundar gáfu MFÍK konur fundargestum *Frið*, þ.e. kort samtakanna sem hannað var af Mireyu Samper. Í tilefni 60 ára afmælis MFÍK voru markmið félagsins látin fylgja með kortunum.

Kolbrún Halldórsdóttir var fundarstjóri og ávörp fluttu Elín Bjög Jónsdóttir, Fatima Hussaini, Harpa Stefánsdóttir, Andrés Magnússon, Katrín Oddsdóttir, Helga Tryggvadóttir og María S. Gunnarsdóttir. Auk þess söng Ellen Kristjánsdóttir við undirleik Eyþórs Gunnarssonar.

Þann 31. mars stóðu Vináttufélag Íslands og Kúbu og MFÍK að sameiginlegum fundi þar sem Irma González frá Kúbu fjallaði um mál föður síns og fjögurra annarra Kúbana sem hafa af pólitískum ástæðum hlotið þunga dóma í Bandaríkjunum. Irma fjallaði einnig um hlutskipti móður sinnar og annarra kvenna sem fá ekki að heimsækja eiginmenn sína.

### Apríl

Félagið tók þátt í mótmælum gegn þátttöku Íslands í stríðinu í Líbíu fyrir framan Stjórnarráðið dagana 12. og 14. apríl og flutti María S. Gunnarsdóttir ræðu þann 14. fyrir hönd félagsins.

### Mái

Þann 10. maí var félögum boðið í menningargöngu með Birnu Þórðardóttur um miðbæ Reykjavíkur og var svo boðið upp á mat í Friðarhúsi á eftir. Gangan var farin í tilefni 60 ára afmælis félagsins.

### Ágúst

9. ágúst tók MFÍK þátt í hinni árlegu kertaflýting á Reykjavíkurtjörn ásamt fjölda félaga og samtaka.

### September

Í tilefni 60 ára afmælisins fór MFÍK í haustferð til Eyrarbakka laugardaginn 24. september. Byrjað var á léttum hádegisverði í kaffihúsinu Bakkabrimi, sem rekið er af félagskonunni Örmu Ösp Magnúsdóttur. Þarnæst var Húsið skoðað, farið í hugleiðslu hjá Unni Arndísardóttur og loks voru fuglarnir hans Hafþórs Ragnars Þórhallssonar skoðaðir.

### Október

2. október, á Alþjóðlegum degi án ofbeldis, tók félagið þátt í að mynda friðarmerki á Klambratúni ásamt fjölda samtaka og hreyfinga.

10. október var haldinn fundur í félagi við Samtök hernaðarandstæðinga í Friðarhúsi þar sem Eva Hauksdóttir sagði frá athugunum sínum á þjóðernisöfgahreyfingum í Evrópu, og Íslandi þar á meðal.

19. október var opinn félagsfundur og sagði Sigríður Víðis Jónsdóttir frá og las upp úr bók sinni *Ríkisfang: Ekkert*.

## Nóvember

14. nóvember var opinn félagsfundur og fjallaði Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í Velferðarráðuneytinu, um ákvörðunum um móttöku flóttafólks.

## Desember

MFÍK tók þátt í málþingi sem Húmanistaflokkurinn stóð fyrir 4. desember í Grasmótarmiðstöðinni, Brautarholti 4. Yfirskrift málþingsins var var „Jarðarbúar – ein mennsk þjóð“ og flutti Kjuregej Alexandra Argunova framsögu fyrir hönd MFÍK.

10. desember var hin árlega bókmenntakynning MFÍK í MÍR salnum. Eftirfarandi höfundar lásu úr nýjum verkum sínum, Ármann Jakobsson, Olga Guðrún Árnadóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir, Vigdís Grímsdóttir.

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir hafði umsjón með hátíðarkaffi ásamt Guðrúnu Þorgeirsdóttur og Sesselju Gunnarsdóttur ásamt fríðum hópi kvenna sem lögðu hönd á plóg og komu með veitingar.

Ágóði af kaffisölu rann í ferðasjóð MFÍK þar sem félagið mun senda tvo fulltrúa á þing Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna sem haldið verður í Brasilíu í apríl.

23. desember var hin árlega friðarganga frá Hlemmi á Ingólfstorg sem skipulögð er að fjölda hreyfinga og samtaka.

## Janúar 2013

27. janúar sáu MFÍK konur um fjáröflunarkvöldverð í Friðarhúsi. Guðrún Hannesdóttir og Sindri Freysson lásu úr eigin verkum. Ágóði fjáröflunarkvöldverðanna fer í rekstur hússins.

## Útgáfa og skrif félaga MFÍK

### Fréttabréf

Eins og síðastliðin ár voru gefin út tvö fréttabréf á árinu, í mars og í september.

### Ályktanir, áskoranir og umsagnir

Í mars sendi MFÍK frá sér ályktun vegna ástandsins í Líbíu. Félagið sendi tvö erindi til stjórnlagabings í maí þar sem bent var á mikilvægi þess að binda í nýja stjórnarskrá að Ísland væri herlaust land og færi aldrei með ófriði á hendur öðrum þjóðum, að herskylda yrði aldrei lögleidd á Íslandi, að land- og lofthelgi landsins yrði lýst kjarnorkulaust svæði og að Ísland tæki sér stöðu með þeim þjóðum sem kysu að standa utan hernaðarbandalaga.

Félagið sendi stuðningsyfirlýsingu við verkfall verkamanna í stáliðnaði í Grikklandi í desember en beiðni þess efnis barst frá grísku systursamtökum félagsins. Og í janúar á þessu

ári sendi MFÍK umsögn til Nefndasviðs Alþingis vegna þingsályktunartillögu um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Nató.

Fréttabréf, umsagnir og ályktanir má lesa á heimasíðu félagsins.

## ***Erlend samskipti***

MFÍK á aðild að *Alþjóðasamtökum lýðræðissinnaðra kvenna*.

MFÍK er skráð í *Europe for Peace*, sem stefnir að kjarnorkuvopnalausri Evrópu.

Frá 2008 hefur MFÍK átt aðild að norrænu samtökunum *Nordic Network against Uranium*, sem og alþjóðlegu samtökunum *International Coalition to Ban Uranium Weapons*, en bæði samtökin berjast fyrir banni á notkun úranvopna.

## ***Stjórnarkjör***

Frá síðasta aðalfundi, þann 15. febrúar 2010, sátu í stjórn:

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, formaður  
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, varaformaður  
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri  
Dögg Árnadóttir, ritari, Sigríður Gunnarsdóttir tók við ritarastarfinu í september  
Guðrún Hannesdóttir, meðstjórnandi  
Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
María S. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn  
Íris Ellenberger  
Sigríður Gunnarsdóttir, Dögg Árnadóttir tók hennar sæti í september

Á síðasta ári var ákveðið að setja á stofn uppstillinganefnd og eru í henni Eygló Bjarnadóttir, Uglá Egilsdóttir og Þórdís Þórarinsdóttir.